

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Við höfum verið beðin um að koma á framfæri við ykkur meðfylgjandi styrktarbeiðni frá landssöfnuninni Vinátta í verki, vegna hamfaranna sem urðu á Grænlandi þann 18. júní sl.

Það er okkur í senn ljúft og skylt að verða við þeirri beiðni, en hér er það kannski hlýhugurinn sem mestu skiptir eins og Hrafn Jökulsson talsmaður söfnurinnar bendir m.a. á hér að neðan:

„Aðfararnótt sunnudagsins 18. júní skall ægileg flóðalda á grænlenska þorpinu Nuugattsiaq, sem er á samnefndri eyju í Uummanaq-firði, 600 kílómetrum fyrir norðan heimskautsbaug. Íbúar voru innan við 100 og lifðu á veiðum. Fjórir fórust og ellefu hús gjöreyðilögðust, m.a. rafveitan, verslunin og grunnskólinn. Hættuástandi var lýst yfir í Uummanaq-firði og tvö þorp til viðbótar rýmd. Þjóðarsorg lagðist yfir Grænland.

Grænendingar eru næstu nágrannar Íslendinga og djúp vinátta milli þjóðanna. Einn skýrasti vottur þess, er að Grænendingar efndu til landssöfnunar þegar snjóflóðið mikla féll á Flateyri 1995. Þar gaf margur af litlu.

Mánudaginn 19. júní gengu Hjálparstarf kirkjunnar, Hrókurinn og Kalak til samstarfs um landssöfnunina Vinátta í verki, í þágu þeirra sem verst urðu úti í hamförunum á Grænlandi. Lagt var upp með að alls enginn kostnaður yrði við söfnunina og að öll framlög skili sér óskert til Grænlands.

Viðtökur Íslendinga voru stórkostlegar og nú fyrstu vikuna hafa þúsundir hringt í styrktarsímamann og lagt inn á söfnunarreikninginn.

Markmið okkar er að senda Grænendingum sterk skilaboð um að þeir geti ávallt treyst á Íslendinga, og við munum ævinlega standa með nágrönnum okkar á Grænlandi.

Grænendingar eru djúpt snortnir yfir hlýhug, vináttu og stuðningi Íslendinga og Færeyinga.

Nú leggjum við til að öll sveitarfélög á Íslandi taki þátt í að senda Grænendingum skýr og kærleiksrík skilaboð um samstöðu og vináttu.

Reykjavíkurborg (4 millj.) og Borgarbyggð (100.000) gengu frá framlögum í síðustu viku, og Árneshreppur hefur sent vilyrði.

Við heitum á sveitarfélögin að vera með og ganga frá málinu sem allra fyrst. Sveitarfélögin standa vitanlega mis vel að vígi, og þó upphæðir skipti ekki miklu máli eru sveitarfélögin hvött til að sýna eins mikinn myndarskap og efni leyfa.

Reikningsnúmer landssöfnunarinnar: 0334-26-056200
Kennitala 450670-0499

Talsmaður Vináttu í verki: Hrafn Jökulsson, s. 763 1797



Gjöf Grænlandinga afhent

JÓNATHAN Motzfeld fulltrúi á grænlenka Landsþinginu afhenti í gær Samhug í verki 3,5 milljóna króna gjöf Grænlandinga vegna snjóflóðanna sem féllu á Flateyri í október síðastliðnum. Kom hann þeirri ósk gefenda á framfæri að féð yrði með einhverjum hætti notað í þágu barna á Flateyri. Safnað var

meðal almennings á Grænlandi í kjölfar flóðanna og er söfnun nýlokið. Viðstaddir afhendinguna voru Henning Olsen sendiráðsritari í danska sendiráðinu, Ægir Hafberg, Pálmi Matthíasson og Hörður Einarsson formaður sjóðsstjórnar, sem veitti gjöfinni viðtöku, Jónathan Motzfeld og Sigrún Árnadóttir.

Með bestu kveðju,
Karl Bj.



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband Íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is
